

Ed.

688. Lög

um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum.

(Afgreidd frá Ed. 2. apríl).

1. gr.

Við 1. gr. 1. málsg. orðist svo:

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra, eða umboðsmanni hans, reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll, svo og reikninga um fólksflutninga-bifreiðar, skal lögreglustjóri, eða umboðsmaður hans, stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 15% af innkaupsverði þeirra vara, nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

Í stað »20%« í staflíð A. komi: 30%.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

3. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1930.